

Skýrsla stjórnar landssambands DKG á Íslandi tímabilið 2019-2021.

Ég held að það sé hægt að segja það með all nokkurri vissu að þetta tímabil árin 2019-2021 hafi verið afar sérkennileg og sennilega engin dæmi um slíkt ástand frá stofnun DKG á Íslandi. Mikið álag hefur verið á öllum sem starfa að menntamálum, enda eðli málsins samkvæmt er fólki safnað saman í hópum til að stunda nám. Sóttvarnir hafa því sett menntastofnunum og námi miklar skorður síðustu 14 mánuði og þetta ástand hefur verið mikil áskorun fyrir allt mennta- og fræðslustarf í landinu. Þetta tímabil og lærdómurinn af því átti að vera til umfjöllunar á ráðstefnunni okkar á morgun, en henni hefur nú verið seinkað fram á haustið og mun ráðstefnan vonandi gefa okkur mikla innspýtingu af lærdómi og krafti inn í nýtt starfsár.

Stjórn landssambandsins er samsett af tveimur konum af höfuðborgarsvæðinu, mér úr Alfadeild og Guðrúnu Eddu Bentsdóttur, öðrum varaforseta, úr Kappadeild, tveimur konum úr Betadeild, Jónínu Hauksdóttur, fyrsta varaforseta og Anítu Jónsdóttur, ritara og Theódóru Þorsteinsdóttur, meðstjórnanda úr Deltadeild. Auk þess hafa gjaldkerinn Jensína Valdimarsdóttir og vefstjórinn Eygló Björnsdóttir starfað með stjórninni og mætt á allfesta fundi.

Fundir stjórnar á þessum tveimur árum hafa verið 19, 8 á fyrra starfsári og 11 á seinna starfsári. Flestir fundir hafa farið fram á vefnum, fyrra árið á Skype og hið síðara á Zoom, nema einn stjórnarfundur og undirbúningsfundur, sem haldinn var skömmu eftir kjör stjórnarinnar. Fundargerðir stjórnar eru á vefnum okkar dkg.is.

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að skipuleggja fyrsta framkvæmdaráðsfund sinn ásamt því að skipa í nefndir. Framkvæmdaráðsfundurinn var haldinn þann 14. september í Borgartúni 12-14. Þar var lögð fram framkvæmdaáætlun, nefndarskipan, fjárhagsáætlun og embættismenn samtakanna, en vefstjóri, gjaldkeri og lögsögumaður héldu áfram störfum frá fyrra tímabili.

Ætlunin var að halda framkvæmdaráðsfund í Borgarnesi á undan vorráðstefnunni 9. maí, en ráðstefnu og framkvæmdaráðsfundi var frestað til 11. september. Þá var ástandið engu skárri og var ekki hægt að halda þessa viðburði. Það var þá brugðið á það ráð að fella ráðstefnuna niður, enda ekki hægt að fara að tilmælum sóttvarnaryfirvalda. En ákveðið var halda framkvæmdaráðsfundinn 3. október. Þegar þar að kom var ástandið ívið betra, en þó ekki nægilega. Fundurinn var haldinn í Hannesarholti og á Zoom, enda bönnuðu mörg sveitarfélög starfsmönnum sínum að ferðast til Reykjavíkur á þessum tíma. Það var því að mestu leyti landsbyggðin sem sótti fundinn á Zoom, en Suð-vestur hornið mætti á staðinn ásamt örfáum til viðbótar. Á fundinum var fjallað var um markmið samtakanna, stöðu framkvæmdaáætlunar, langtímaáætlun í vinnslu, farið yfir vefsíðu samtakanna, fjárhagsáætlun var samþykkt. Kynntur var fyrirlestur Elvu Ýrar Gylfadóttur, sem settur var á vefinn og er þar í eitt ár og geta deildir nýtt sér hann í starfinu.

Það var áskorun að vera með fundinn tvískiptan og þetta var fyrsta reynsla okkar af því að nota Zoom. Þetta gekk allt, þótt það væru smá hnökrar vegna reynsluleysis. Við keyptum áskrift að Zoom til eins árs, sem reyndist okkur góð fjárfesting. Forseti hefur boðið deildum að nýta sér áskriftina og hafa 10 fundir verið haldnir fyrir deildir og all margir fundir skipulagðir með Evrópuforseta og forsetum Evrópuþjóða og fulltrúum Evrópu í alþjóðanefndum.

Fundargerðir framkvæmdaráðs eru á vefnum okkar dkg.is.

Framkvæmdaáætlun, var samþykkt á fyrsta fundi framkvæmdaráðs.

Í framkvæmdaráætlun er markmið um að kanna hvort vilji sé til innan samtakanna til að gera 10 ára áætlun að fyrirmynd og hvatningu frá alþjóðasamtökunum og hefja það starf, reynist svarið jákvætt.

Það er skemmst frá því að segja að framkvæmdaráð tók mjög vel í að gerð yrði 10 ára áætlun. Áætlunin byggir á vinnu frá framkvæmdaráðsfundunum, þar sem skipt var í hópa og áherslur samtakanna ræddar. Einnig var farið yfir ýmsar áherslur í öðrum skjölum. Það var álit laganefndar að ekki þyrfti að bera áætlunina undir þingið, heldur væri nóg að framkvæmdaráð samþykkti hana. Það reyndist auðsótt, en áætlunin var borin undir framkvæmdaráðið í tölvupósti, eftir að gefinn var tími til að koma með athugasemdir og ábendingar. Þessi langtímaáætlun er nú komin á vefinn og verður leiðarljós í framtíðinni og grunnur að framkvæmdaráætlunum, en rétt að geta þess líka að þetta er plagg sem verður í sífelldri endurskoðun.

Eitt af þeim verkefnum sem framkvæmdaráðið óskaði eftir var gerð gátlista fyrir formenn, sem brotinn er niður í fjóra hluta þ.e. hvert hálf ár á tveggja ára kjörtímabili stjórna deilda. Þessi listi var gerður og er hann á vef okkar dkg.is undir deildarstarfið/efni fyrir formenn.

Fréttabréf forseta hafa verið send út nokkuð reglulega alls 10 talsins.

Nefndir:

Námsstyrkjasjóður. Endurskoðun reglna um námsstyrkjasjóð í samráði við námsstyrkjanefndina, nýjar reglur eru komnar á vefinn. Nefndin tók við umsóknum og fór yfir þær og lagði til við stjórn hverjar hlytu styrki. Við munum veita þá í lok þessarar dagskrár.

Félag- og útbreiðslunefnd. Uppfærði félagatalið í samræmi við greiðslur félagsgjalda, en það eru nú mun strangari reglur en áður um þetta, þar sem greiðslur eru skráðar hjá alþjóðasamtökunum. Þar sem hafa þurfti eyðublöð alþjóðsambandsins um greiðslur við höndina við þessa yfirferð var ákveðið að bæta ID númerum félagskvenna inn á félagatalið. Nýja félagatalið er á vefnum undir dkg.is/landssamband/um dkg/félagatal/svo þarf lykilorð til að komast inn.

Nefndin í samvinnu við laganefnd og stjórn landssambandsins endurskoðaði handbókina fyrir formenn og er hún komin á vefinn dkg.is undir Deildastarfið/handbók.

Undirbúningur hófst að stofnun nýrrar deildar á Höfn í Hornafirði. DKG var kynnt fyrir þremur konum þar, sem sýna áhuga og vilja halda áfram vinnunni við stofnun nýrrar deildar í haust.

Laganefnd: Breytingar voru gerðar á lögum og reglugerð í samráði laganefndar og stjórnar og með hliðsjón af tékklista frá alþjóðasamtökunum. Þessar breytingar verða lagðar fyrir fundinn á eftir. Einnig skoðaði laganefndin forsendur 10 ára áætlunar, sem unnin var af stjórn í samvinnu við framkvæmdaráð og mat það svo að ekkert í áætluninni stangaðist á við lög eða reglugerð. Jafnframt að nægilegt væri að framkvæmdaráð samþykkti áætlunina.


Menntamálanefnd skipulagði vörðstefnu 9. maí 2020 og hún var síðan færð til haustsins, en hún var síðan felld niður vegna ástandsins í samfélaginu. Einnig skipulagði nefndin ráðstefnuhluta landssambandsþingsins, sem halda átti 8. Maí, en hefur verið færður til haustsins.

Samskipta- og útgáfunefnd. Nefndin hefur haldið úti útgáfu á fréttabréfi samtakanna með reglulegum hætti.

Uppstillingarnefnd. Hefur skilað tillögu í samræmi við hlutverk sitt og verður kosið hér á eftir um tillögur nefndarinnar.

Ýmsar áherslur, sem eru í framkvæmdaáætlun eru þess eðlis að þær eru ræddar á framkvæmdaráðsfundum og í samskiptum við deildir eða í fréttabréfum. Ég ætla ekki að telja þær allar upp núna, en við höfum viljað leggja áherslu á að félagskonur upplifi stærð og mannauð samtakanna með því að kynnast fleirum en sinni eigin deild. Þannig hefur verið hvatt til þess að deildir haldi saman fundi eða bjóði deildum til sín. Jafnframt að við teygjum okkur út á við til systra okkar í öðrum löndum. Margt hefur tekist ljómandi vel, en mig langar til að nefna að Evrópuforseti hefur verið mjög dugleg við starf sem nafna mín Ingibjörg Jónasdóttir hóf í sinni tíð sem Evrópuforseti.

Hún hefur haldið marga fundi með Evrópuforsetum, þannig að okkur er orðið vel til vana og hún hefur líka kynnt okkur fyrir fulltrúum Evrópu í alþjóðanefndum og opnað þannig glugga í átt að Evrópu og alþjóðasambandinu.



Mynd frá fundi Evrópuforseta með íslenska og eistneska landssambandinu og fulltrúa Evrópu í EEC nefnd alþjóðasambandsins.

Þetta varð m.a. til þess að stjórn landssambandsins ákvað að biðja um fulltrúa frá Suður-Ameríku á þingið og hef ég átt í talsverðum samskiptum við Grace Rodrigues Mesa, sem hefur verið mjög gefandi. Vonandi getum við fengið hana á fund til okkar í haust, þó ekki væri nema á Zoom.

Félagskonur eru nú 339, en voru 341 í lok síðasta tímabils stjórnar. Það verður að teljast gott að missa ekki fleiri konur í því árferði sem hefur verið undanfarið. En það er ástæða til að hvetja deildir til að huga að inntöku nýrra kvenna. Síðasta stjórn landssambandsins hvatti til þess að myndir yrðu settar í félagatalið og ég held að það megi segja að það hafi tekist að ljúka því verki á tímabili núverandi stjórnar að mestu. Eins og ég nefndi áðan létum einnig bæta við ID númerum félagskvenna, en það er lykill að því að komast inn á vef alþjóðasamtakanna að þekkja ID númerið sitt. Félagskonur eiga nú að geta skoðað það í félagatalinu okkar stóra, sem er á vefnum undir flípanum Um DKG/félagatal, sumar deildir hafa sett ID númerin inn á vefi sína og æskilegt væri að allar deildir hefðu þessi númer aðgengileg. Mig langar líka til að hvetja ykkur til að fara inn á vef alþjóðasamtakanna og uppfæra upplýsingar um ykkur þar ásamt því að setja inn mynd.

Skýrslur deilda og nefnda hafa verið settar á vefinn og þið getið kynnt ykkur þær. Deildirnar eru kjarninn í samtökunum, starf þeirra verður að vera gott og eftirsóknarvert. Þannig verða samtökin öflug.

Ýmislegt fór úrskeiðis vegna samkomutakmarkana, til dæmis komust stjórnarkonur ekki í heimsóknir til allra deilda eins og fyrirhugað var. En á móti kom að forseti gerðist tæknimaður við Zoom fundi deilda. Það þýddi að vísu fleiri fundi fyrir færri deildir. En ég vil segja það hérna að það var ótrúlega gefandi að sitja eins og fluga á vegg (suma fundi sótti ég, aðra setti ég af stað og hafi opna, þannig að hægt væri að kalla til mín, ef eitthvað færi úrskeiðis). Þessi fundir voru allir sem einn alveg

afbragðsgóðir, þeir voru áhugaverðir og faglegir og vinátta og hlýja skein í gegn á öllum fundum á Zoom og öðrum fundum sem ég sótti. Við getum verið stoltar af samtökunum okkar og öllum þeim frábæru konum sem eru félagar í þeim. Þess vegna verður svo gaman að hittast í haust án takmarkana (vonandi)

Að lokum vil ég þakka stjórnarkonum og embættismönnum fyrir einstaklega góða samvinnu á tímabilinu. Einnig vil ég þakka öllum formönnum nefnda og nefndarmönnum fyrir vel unnin störf og formönnum deilda fyrir þátttöku þeirra í fundum framkvæmdaráðs og mótun starfsins til framtíðar.

.